

## 67.stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands

67.stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands var haldinn á skrifstofu sambandsins 20.júni 2016 og hófst kl. 11.45.

Mætt voru: Borghildur Erlingsdóttir, Róbert Kjaran, Ása Ólafsdóttir og Gry Ek. Forföll boðuðu Rósa Birgisdóttir og Alex Cambray.

Þetta gerðist:

### 1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

### 2. Eigur sambandsins.

Eftir því sem næst verður komist á sambandið keppnisstöng og hnébeygjustatíf í vörslu LFH, keppnisstöng gömul og 2x50 kg lóð í vörslu Breiðabliks, keppnisstöng í vörslu LFMosfellsbæjar, keppnisstöng ný og 2x50 kg lóð í vörslu LFVíkings, verðlaunapall í láni hjá Danssambandi Íslands.

Ákveðið var að bjóða félögum þetta til sölu í haust.

**Alex** falið að athuga hvort það sem er í láni hjá LFVíkingsi sé á Akureyri og koma því í vörslu hjá KFA.

### 3. Erindi frá LF Bolungarvíkur kynnt og rætt.

Áfram verður fylgst með málinu.

### 4. Dómgæsla á mótum.

Ákveðið að fela framvegis dómaranefnd að sjá um að setja upp dómaraalista á meistaramótum KRAFT. **Laganefnd** falið að gera nauðsynlegar breytingar á reglugerð um kraftlyftingakeppni.

### 5. Afrekssjóður

Ása gerði grein fyrir stöðu mála í samskiptum við Afrekssjóð, en nokkur skjöl vantar áður en hægt er að ganga frá málum. **Ása** heldur áfram með málið.

### 6. EM í bekkpressu 2016

Sturla Ólafsson og Gunnlaug Olsen, mótshaldarar á EM 2016 í bekkpressu komu á fundinn.

Farið var yfir stöðu mála, en skráningu á mótið er lokið.

- tímaplan verður sett upp með aðstoða Helga Haukssonar. **Mótshaldari** mun boða til fundar um það mál.

- lyfjapróf. **Gry** hefur samband við lyfjaeftirlitið og gengur frá þeim samningum. Lyfjagjaldið verður fært á reikning KRAFT sem gengur frá greiðslum.

- sjónvarp / streaming. Unnið er í málinu. **Mótshaldari** ætlar að boða til fundar með þeim aðilum.

- goodlift. Umsjón með skráningu úrslita er í höndum EPF. **Mótshaldari** tryggir að allur nauðsynlegar búnaður sé á staðnum.

- verðlaunapeningar verða pantaðir í samráði við EPF og er á könnu **mótshaldara**.

- kynnur kemur að utan. **Mótshaldari** gengur úr skugga um að svo sé.

- fánar og þjóðsöngvar. **Gry** tekur það að sér.

- keppnisvigtin þarf hugsanlega löggildingu. **Alex** tekur það mál.

- sjálfboðaliðar. Eftir er að manna stangarmennsku og ymis önnur störf. Auglýst verður eftir fólki á vegum KRAFT. Sturla og Gunnlaug véku af fundi

67.stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands

**7. María tekur til starfa 1.júli.**

Gry mun hitta hana og setja hana inn í málin í vikunni.

**8. Erindi frá landsliðsnefnd frestað til næsta fundar.**

Fundi slitið kl. 13.30 - Fundaritari Gry Ek